

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Arnarhvoli  
Lindargötu  
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt


22. mars 2023

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 og lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003**

Umsögn BHM varðar þann þátt frumvarpsins er lýtur að framlengingu heimildar til skattfrjálsrar ráðstöfunar og úttektar viðbótariðgjalds til séreignarsparnaðar í tengslum við öflun íbúðarhúsnæðis til eigin nota. BHM fagnar því að heimildin (hér eftir „2014 leiðin“) sé framlengd um eitt og hálf ár, til og með 31. desember 2024. Telur bandalagið þó rétt að stjórnvöld tryggi jafnræði milli þeirra sem nýta 2014 leiðina og þeirra sem nýta fyrstu kaupendaleiðina frá 2017. Rétt væri að 10 ára sólarlagsákvæði væri á heimildinni í báðum leiðum, í það minnsta fyrir þá sem keyptu sína fyrstu fasteign á síðasta áratug.

Bæði úrræðin eru mikilvægur hluti af húsnæðisstuðningi stjórnvalda við eigendur íbúðarhúsnæðis. Tryggja þarf betur að stuðningurinn þjóni tilgangi sínum með hækkun og/eða vísitölutengingu viðmiðunarfjárhæða. Í því sambandi bendir bandalagið á að viðmiðunarfjárhæðir hafa verið óbreyttar frá upphafi þrátt fyrir að fasteignaverð, laun og almennt verðlag hafi hækkað til muna síðustu ár.

Virðingarfyllst,



---

Vilhjálmur Hilmarsson  
Hagfræðingur BHM